

Ávarp

Þórunnar Guðmundsdóttur, formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands, á 56. ársfundi Seðlabanka Íslands 30. mars 2017.

Hæstvirtur forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, dómsmálaráðherra, bankastjórar, sendifulltrúar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir. Ég býð ykkur velkomin og set hér með fimmtugasta og sjötta ársfund Seðlabanka Íslands. Í ár eru jafnframt 60 ár frá því að fyrstu skref í átt að sjálfstæðri seðlabankastarfsemi voru stigin með þeim aðskilnaði sem varð innan Landsbanka Íslands er honum var skipt í tvær sjálfstæðar einingar, seðlabanka og viðskiptabanka. Það er því einkar ánægjulegt að sjá að hér á fundinum í dag eru einstaklingar sem tóku þátt í þessum fyrstu skrefum með bankanum, þar með talinn er Jóhannes Nordal sem þá var aðalhafþingur Landsbanka Íslands og síðar seðlabankastjóri.

Hlutverk bankaráðs er einkum að hafa eftirlit með starfsemi Seðlabankans og staðfesta reglur og tillögur seðlabankastjóra. Ráðið er skipað sjö fulltrúum sem kosnir eru að loknum hverjum Alþingiskosningum. Stundum eiga sér stað breytingar á kjörtímabilinu en aðalfulltrúar hafa verið hinir sömu frá síðasta ársfundi. Bankaráðið hélt 14 fundi á árinu 2016.

Eins og fram kemur í ársskýrslu þeirri sem liggur hér frammi sinnir Seðlabankinn reglubundnum verkefnum auk stærri átaksverkefna. Eins og árið áður voru stærstu átaksverkefni síðasta árs tengd áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta á grunni þeirrar áætlunar sem kynnt var árið 2015. Fyrsti áfanginn var úrlausn slitabúa fallinna viðskiptabanka og sparisjóða, annar áfangi var afmörkun og úrlausn aflandskrónueigna og sá þriðji almenn losun fjármagnshafta á heimili og fyrirtæki. Frá lokum mars 2016 til ársloka minnkuðu eignir í aflandskrónum úr 320 milljörðum króna í 191 milljarð króna en meginlækkunin átti sér stað í útboði í júní. Með gildistöku laga í lok október voru svo stigin skref að nánast fullri losun hafta um síðustu áramót sem lögðu grunninn að þeirri ánægjulegu tilkynningu um afnám fjármagnshafta á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði sem birt var fyrr í þessum mánuði. Viðamikil undirbúningsvinna fyrir seinni tvo áfangana var unnin í Seðlabankanum á síðasta ári í samvinnu við önnur stjórnvöld. Hið sama má segja um setningu reglna í júní til þess að hafa áhrif á fjármagnsinnstreymi sem orðið hafði vart við vegna vaxtamunar við útlönd.

Samkvæmt lögum er meginmarkmið Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Verðbólgan hélst undir verðbólguþröskuldrinu allt síðasta ár. Peningastefnunefnd lækkaði vexti í ágúst og aftur í desember, samtals um 0,75 prósentur, en nánar er frá þessu greint í öðrum kafla ársskýrslu bankans.

Á árinu 2016 voru efnahagsleg skilyrði í meginatriðum hagstæð fjármálakerfinu. Skuldsetning heimila og fyrirtækja var tiltölulega lítil í sögulegu samhengi og svigrúm þeirra til að mæta áföllum var meira en um langt skeið. Niðurstöður álagsprófa sýndu að stóru viðskiptabankarnir voru á heildina litið nokkuð vel búnir til að takast á við áföll og staða

viðskiptabankanna var traust við árslok, kjör bankanna á erlendum mörkuðum bötnuðu og aðgangur að erlendum mörkuðum varð greiðari með hækkandi láns hæfiseinkunn ríkissjóðs. Á árinu komu hins vegar fram merki um spennu á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði, auk þess sem mikill vöxtur ferðapjónustu getur stuðlað að vaxandi áhættu, eins og fram kemur í þriðja kafla ársskýrslu bankans.

Innan Seðlabankans er unnið sérstaklega að því að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða fjármálakerfisins á Íslandi. Þar skipta svokölluð stórgreiðslukerfi og jöfnunarkerfi miklu og unnið var að allsherjarendurnýjun þeirra á árinu. Rekstur kerfanna gekk vel. Þá stóð yfir á árinu innleiðing á nýju viðskiptakerfi fyrir bankann.

Rafvæðing reiðufjár hefur verið til umræðu og hefur Seðlabankinn fylgst grannt með því sem gerist á þeim vettvangi. Eftir sem áður hélt hefðbundið reiðufé velli á árinu í þeim skilningi að hlutfall seðla og myntar af landsframleiðslu hækkaði örlítið og var 2,3% sem er þó lítið í alþjóðlegum samanburði. Hlutverk Seðlabankans í þessum efnunum er að anna eftirspurn eftir reiðufé. Hlutur tíu þúsund króna seðilsins fór vaxandi og var kominn í ríflega 47% af verðmæti útgefinna seðla í heild í lok ársins.

Gjaldeyrisforðinn sem Seðlabankinn varðveitir stækkaði verulega og nam 815 milljörðum króna í árslok. Seðlabankastjóri mun gera nánari grein fyrir kostnaðar- og ábatagreiningu af forðahaldinu fyrir þjóðarbúið í heild. Eins og þar kemur fram dreifist ábatinn víða um þjóðfélagið en kostnaðurinn sést helst í reikningum Seðlabankans.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap af rekstri bankans tæplega 35 milljarðar króna á árinu 2016 en árið áður var hagnaður um 5,6 milljarðar króna og árið 2014 var hagnaður 11,2 milljarðar króna. Neikvæð afkoma bankans er eins og áður sagði einkum af völdum gjaldeyrisforðans og skýrist af neikvæðum gengismun eins og sjá má í reikningum sem hér liggja frammi. Það er eitt af hlutverkum bankans að varðveita gjaldeyrisforða og því stærri sem hann er þeim mun meiri áhrif hafa gengisbreytingar á afkomu hans. Laun og launatengd gjöld jukust um 9% á milli ára, sem einkum má rekja til samningsbundinna hækkana og mikils vinnuálags á árinu. Eignir bankans námu 876 milljörðum króna í lok ársins en eigið fé lækkaði úr 79 milljörðum í lok árs 2015 í 44 milljarða í árslok 2016. Eiginfjárlutfall bankans var 5% í árslok samanborið við 8,6% í árslok 2015. Ekki kemur til ráðstöfunar á hagnaði og bankinn telur ekki tímabært að taka ákvörðun um innköllun eigin fjár á grundvelli 34. greinar laga nr. 36/2001, eins og fram kemur í ársskýrslunni.

Í lok árs 2016 voru samtals 180 starfsmenn í Seðlabankanum. Kynjahlutfallið hélst nokkuð jafnt, ríflega 51% karlar og tæplega 49% konur. Hlutfallið varð dálítið ójafnara meðal stjórnenda og millistjórnenda á árinu en meðal næstráðenda í bankanum voru í lok árs 61% karlar og 39% konur. Í hópi framkvæmdastjóra eru nú sex karlar og fjórar konur, en tvær konur létu af störfum í hópi framkvæmdastjóra á árinu.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum bankans fyrir einstaklega gott samstarf á árinu 2016. Þá vil ég sérstaklega þakka fulltrúum í bankaráði, seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda fyrir gott samstarf. Við hlýðum nú á ávarp Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra og að því loknu tekur til máls Már Guðmundsson seðlabankastjóri.